



# BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

## Kynjafræði og kynfræðsla - elsta stig

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum í íslenskrri menntun sem á að vera leiðarljós í öllu skólastarfi. Einn þessara grunnþátta er jafnrétti og eru ákvæði jafnréttis laga höfð þar að leiðarljósi. Talað er um að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum og birtast í inntaki kennslu, aðferðum og umhverfi. Undir jafnréttismenntun má nefna nám um þjóðerni, menningu, tungumál, lífsskoðanir, kyn og kynhneigð. Athygli er vakin á nýjum fræðigreinum, kynjafræði og hinsegin fræðum, sem gott væri að nýta í jafnréttismenntunina.

**Markmið** sem lögð eru til grundvallar eru þverskurður námsgreinar, s.s. skólaþróttum, samfélagsgreinum og náttúrugreinum;

- ✓ rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
- ✓ rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.
- ✓ sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- ✓ rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- ✓ beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- ✓ vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- ✓ sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,
- ✓ greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- ✓ sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- ✓ útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- ✓ vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt.
- ✓ fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- ✓ rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- ✓ rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- ✓ útskýrt hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði.
- ✓ Gert sér grein fyrir og þekkt merki um hvers kyns ofbeldi og þekki þau úrræði sem í boði eru ef slík tilfelli koma upp.

### Námsefni

Kennsla fer að mestu leyti fram í umræðum og léttum verkefnum

- ✓ Ég og sjálfsmyndin
- ✓ Kyn, kynlíf og allt hitt
- ✓ Heilsuvera
- ✓ Fávitabækur Sólborgar Guðbrandsdóttur
- ✓ Vefsíður á borð við Stopp ofbeldi, Frá A til Ö, Áttavitinn, Sjúk ást og fl.
- ✓ Verkefni, myndbönd og fleira á netinu
- ✓ [Alls konar hugmyndir](http://reykjavik.is) - reykjavik.is

#### **Námsmat**

- ✓ Símat
- ✓ Jafningjamat
- ✓ Sjálfsmat
- ✓ Leiðsagnarmat